

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. febrúar 2018 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-64/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 10. september 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 25. september 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust andsvörin þann 18. október 2017. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 1. júní 2017 af seljanda fyrir 1.080.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Mitsubishi Pajero, árgerð 2005 og hafði verið ekin 220.000 km. á kaupdegi. Að sögn álitsbeiðanda átti bifreiðin að vera „flott og í toppstandi“ enda nýbúin í lögbundinni aðalskoðun. Annað hafi þó komið í ljós nokkrum dögum eftir kaupin og kveðst álitsbeiðandi nokkru eftir kaupin hafa haft samband við seljanda og krafist þess að fá að rifta kaupunum. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi ekki viljað koma til móts við hann og ekki heldur starfsmenn bílasölnunnar sem hafði milligöngu um kaupin.

Álitsbeiðandi segist hafa farið með bifreiðina í ástandsskoðun til að sanna mál sitt þar sem enn frekari annmarkar hafi komið í ljós á bifreiðinni heldur en þeir sem álitsbeiðandi var búinn að taka eftir. Í samantekt vegna ástandsskoðunarinnar kemur meðal annars fram að sóllúga virki ekki, bremsuljós virki ekki á afturstuðara og það logi ekki á stöðuljósum, bæði afturljós séu skemmd, skemmdir séu á framstuðara, afturstuðari sé skemmdur, AC kerfi virðist ekki virka, opnun á bensínloki virki ekki og læsing virki ekki. Þá er sérstaklega tekið fram að bifreiðin virðist hafa lent í tjóni að framan þar sem biti bak við framstuðara sé boginn en búið sé að „tjasla saman“ að framan. Þá kemur fram að það atriði sjáist ekki við venjulega skoðun.

Að auki bendir álitsbeiðandi á margvíslega formannmarka við fyrirkomulag kaupsamningsins og raðgreiðslusamnings sem gerður var við kaupin, meðal annars að hún hafi ekki skrifað undir einn af þeim raðgreiðslusamningum sem samið var um, að votta vanti að undirskrift og að kaupverðið sé sagt 100.000 krónum hærra í greiðslusamningum en það var í raun, eða 1.180.000 krónur. Þá bendir álitsbeiðandi á að bílasalan hafi boðist til að endurgreiða 100.000 krónurnar sem var krafist greiðslu á umfram kaupverðið, gegn því að álitsbeiðandi skrifi undir pappírana varðandi lánið þar sem undirskrift vantar. Telur álitsbeiðandi það ekki vera fullnægjandi lausn þar sem auka kostnaður verði af láninu fyrir þessum 100.000 krónum sem álitsbeiðandi þarf að borga.

Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift og segir að bifreiðin sé í raun ónýtt þar sem kostnaðarsamt sé að koma henni í ökuhæft ástand.

IV

Andsvör seljanda

Seljandi bendir í andsvörum sínum á það að álitsbeiðandi hafi ekki farið með bifreiðina í söluskoðun fyrr en rúmlega þremur vikum eftir kaupin. Að sögn seljanda bauðst hann til þess, á fundi með álitsbeiðanda tveimur mánuðum eftir kaupin, að gera við þá hluti sem fundust að við skoðun bifreiðarinnar er vörðuðu öryggisatriði hennar, þ.e. öxulhosa, miðhljóðkút, bremsuklossa og bremsudiska, spindilkúlu, stýrisenda, ballansstangargúmí, bremsuljós og afturljós. Álitsbeiðandi þáði það ekki að sögn seljanda en seljandi kveðst ekki hafa viljað taka bifreiðina til baka sökum þess að um tveir mánuðir voru liðnir frá kaupunum. Þá bauðst bifreiðasaliinn einnig til þess að selja bifreiðina álitsbeiðanda að kostnaðarlausu sem hann þáði ekki heldur að sögn seljanda.

Seljandi kveðst hafa keypt bifreiðina af tryggingarfélagi á bifreiðauppboði en hvergi komi fram í ferilskrá bifreiðarinnar að bifreiðin hafi lent í slysi eða tjóni svo bifreiðin er ekki skilgreind sem tjónabifreið. Þá hafi ekkert sjáanlegt tjón verið á bifreiðinni fyrir utan rispur og nudd. Að sögn seljanda var álitsbeiðanda kynnt ferilskrá bifreiðarinnar þar sem fram kom að hún var áður í eigu tryggingarfélags og skrifaði álitsbeiðandi undir að hann hefði kynnt sér þær upplýsingar.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina MV-005 þann 1. janúar 2017 af seljanda fyrir 1.080.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2005 og var því um 12 ára og hafði verið ekin 220.000 km. á kaupdegi. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 1. janúar 2017, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunevndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki unnt að slá því föstu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. Ekki liggur fyrir að seljandi hafi verið kunnugt um þá annmarka á bifreiðinni við kaupin sem komu í ljós við söluskoðun þremur vikum síðar og er því ekki unnt að líta svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Ekki er unnt að fullyrða, gegn andmælum seljanda, að honum hafi verið kunnugt um að bifreiðin hafi lent í tjóni. Þá telur nefndin ekki unnt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Um 12 ára gamla bifreið er að ræða sem ekin hafði verið 220.000 km. á kaupdegi. Ekki er unnt að ætlast til þess að bifreiðar sem hafa náð þeim aldri og verið keyrðar slíkar vegalengdir muni ekki þarfnast viðhalds eða viðgerða sem jafnframt geta orðið kostnaðarsamar. Kaupverð bifreiðarinnar var 1.080.000 sem telja verður í hærra lagi fyrir svo gamla bifreiðsem hefur verið keyrð svo langar vegalengdir. Hins vegar er ekki unnt að fullyrða að verðið hafi verið óeðlilegt enda geta þar margir þættir haft áhrif.

Nefndin lítur svo á að flestir þeir annmarkar sem fram komu séu þess eðlis að álitsbeiðandi hafi mátt verða þeirra var við skoðun áður en kaupin fóru fram. Gaf hár aldur og mikil keyrsla bifreiðarinnar álitsbeiðanda sérstakt tilefni til að skoða hana ítarlega og jafnvel fara með hana í ástandsskoðun áður en hann festi kaup á henni. Tekið er fram í samantekt vegna ástandsskoðunar að búið hafi verið að „tjasla“ bifreiðinni saman að framan og að það hafi ekki sést við venjulega skoðun, en slíkt hefði þó samkvæmt samantektinni komið fram ef við ástandsskoðun líkt og raun varð.

Af framangreindu getur nefndin ekki fallist á það að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin enda hafi ástand hennar ekki verið verra við kaupin en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson